

## GJALDSKRÁ

**fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra.**

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald, skv. gjaldskrá þessari, sbr. 11. gr. Samþykktar um rotþrær og siturlagnir fyrir Húnaþing vestra nr. 910/2004.

2. gr.

Rotþróargjald árið 2007 skal vera eftirfarandi:

Rotþró	0-2000 lítra	kr. 6.405 pr.þró
Rotþró	2001-4000 lítra	kr. 7.665 pr.þró
Rotþró	4001-6000 lítra	kr. 9.135 pr.þró
Rotþró	6001 lítra og stærri	kr. 2.415 pr./m <sup>3</sup>

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé 50 metrar eða minni.

Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða sérstaklega skv. reikningi.

3. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra 13. desember 2006, með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um rotþrær og siturlagnir fyrir Húnaþing vestra nr. 910/2004.

*Hvammstanga, 20. febrúar 2007.*

**Skúli Þórðarson** sveitarstjóri.